

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/47/19

frá 19. júlí 2001

um lengingu á gildistíma ákvörðunar 1999/10/EB um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir málningu og lökk(\*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 2207)

(2001/608/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1980/2000 frá 17. júlí 2000 um endurskoðað kerfi um veitingu umhverfismerkis bandalagsins <sup>(1)</sup>, einkum 4. og 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1980/2000 er kveðið á um veitingu umhverfismerkis fyrir vöru sem býr yfir eiginleikum sem gera það að verkum að hún stuðlar að verulegum umbótum hvað varðar helstu umhverfisþætti.
- 2) Samkvæmt 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000 skal setja sérstakar viðmiðanir fyrir umhverfismerki samkvæmt vöruflokkum og skal endurskoða viðmiðanir fyrir umhverfismerki, sem og kröfurnar um mat og sannprófun er varða viðmiðanirnar, í tæka tíð áður en gildistímabili viðmiðananna sem tilgreindar eru fyrir hvern vöruflokk lýkur og skuli ljúka með tillögu að framlengingu, afturköllun eða endurskoðun.
- 3) Með ákvörðun 1999/10/EB <sup>(2)</sup> setti framkvæmdastjórnin vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir málningu og lökk en samkvæmt 3. gr. þeirrar ákvörðunar féllu þær úr gildi 31. desember 2001.
- 4) Í kjölfar endurskoðunarinnar er talið rétt að framlengja gildistíma fyrir skilgreiningar á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðununum óbreyttar til 18 mánaða, einkum til að gera þeim fyrirtækjum, sem veitt hefur

verið umhverfismerki, kleift að nota umhverfismerkið a.m.k. þangað til að endurskoðun á ákvörðun 1999/10/EB er talin nauðsynleg.

- 5) Því skal framlengja gildistímann sem ákveðinn var í 3. gr. tilskipunar 1999/10/EB.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1980/2000.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Gildistíminn, sem ákveðinn var í 3. gr. ákvörðunar 1999/10/EB fyrir skilgreininguna á vöruflokknum og viðmiðunum fyrir vöruflokkinn sem í stjórnsýslunni ber kenninúmerið 007, er framlengdur til 30. júní 2003.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 214, 8.8.2001, bls. 43, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2002 frá 1. febrúar 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 18, 4.4.2002, bls. 9.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 237, 21.9.2000, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 5, 9.1.1999, bls. 77.